

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Nesbali 50.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 998. fundi sínum 22. janúar 2025, breytingu á skipulaginu „Deiliskipulag vestursvæðis að Lindarbraut“. Breytingin tekur til lóðarinnar Nesbali 50 og felst í að nýtingarhlutfall lóðarinnar er hækkað úr 0,33 í 0,43 og byggingarreitur stækkaður til suðurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Barðaströnd 20.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 989. fundi sínum 19. júní 2024, óverulega breytingu á skipulaginu „Deiliskipulag Stranda“. Breytingin tekur til lóðarinnar Barðaströnd 20 og heimilar að byggja opið bílskýli við húsið að lóðarmörkum nágretta. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verður 0,4.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Lindarbraut 29.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 982. fundi sínum 20. mars 2024, óverulega breytingu á skipulaginu Deiliskipulag Vestursvæði að Lindarbraut. Leyfilegt verði að byggja um 70 fermetra garðskála á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðar er eftir sem áður 0,33.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Melabraut 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 980. fundi sínum 20. febrúar 2024, óverulega breytingu á skipulaginu Deiliskipulag Bakkahverfis. Skilgreindur er byggingarreitur fyrir aðkomustiga að efri hæðum, vestan megin hússins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. Seltjarnarnesbæjar, 23. júlí 2025.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi.